

Fullnaðarpróf í lögfræði

Nemendum við Háskólann á Bifröst standa til boða fjölmargir valkostir við samsetningu á námi sínu. Með þessu hafa nemendur meiri sveigjanleika til að leggja áherslu á það svið fræðigreinarinnar sem þeir hafa mestan áhuga fyrir. Þeir nemendur sem leggja stund á ML nám og hafa í framhaldinu hug á að afla sér málflutningsréttinda þurfa að gæta að því að samsetning námsins, bæði grunnnáms og meistaranáms, uppfylli skilyrði sem gerð eru til þess. Í 4. tl. 6. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt segir að málflutningsréttindi fyrir héraðsdómsstólum megi veita þeim sem um þau sækir og hafi lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla.

Fullnaðarnám í skilningi laganna merkir að nemandi hafi lokið heildstæðu laganámi, bæði grunn- og framhaldsgráðu. Ekki er nægilegt að hafa lokið grunnnámi í annarri grein en lögfræði þótt nemandi hafi lokið meistaraþrófi í lögfræði. Eðlilegt er að gera þá kröfu að útskrifaðir lögfræðingar hafi öðlast þekkingu á helstu grunngreinum lögfræðinnar, svo sem réttarheimildafræði og lögskýringum, kröfurétti, skaðabótarétti, refsirétti og réttarfari. Þetta eru dæmi um fræðigreinar sem reynir iðulega á í störfum lögmannna. Auk þessa er æskilegt að lögfræðingar hafi þekkingu á ýmsum öðrum sviðum lögfræði og miðar uppsetning námsins við það.

Til þess að teljast hafa lokið fullnaðarþrófi í lögfræði frá Háskólanum á Bifröst þurfa nemendur að ljúka ML námi við háskólann en einnig þurfa þeir að hafa lokið grunnnámi í lögfræði þannig að samanlagður einingafjöldi úr greinum innan lögfræðinnar séu að minnsta kosti 240 ECTS. Þeir sem uppfylla ekki þetta skilyrði teljast ekki hafa lokið fullnaðarþrófi við lagadeild Háskólans á Bifröst. Háskólinn leggur áherslu á að grunnnám í viðskiptalögfræði, meistaranám í Viðskiptalögfræði og meistaranám í lögfræði, sé þannig uppbyggt, á hverjum tíma, að nemendur hafi kost á því að útskrifast með fullnaðarþróf í lögfræði. Nemendur í viðskiptalögfræði sem ætla að útskrifast með fullnaðarþróf þurfa að gæta þess að uppfylla ofangreind lágmarksskilyrði miðað við þau valfög sem þau velja sér í náminu. Auk þeirra námskeiða sem gerð er sérstök krafa um í lögum þurfa nemendur sem ljúka fullnaðarþrófi við Háskólann á Bifröst að hafa lokið námskeiðum í alþjóðalögum, réttarheimspeki, samningarétti, stjórnskipunarrétti, stjórnsýslurétti, og Evrópurétti.

Reglur um fullnaðarpróf við Háskólann á Bifröst

- A. Nemandi þarf að hafa lokið grunnnámi í lögfræði eða viðskiptalögfræði 180 ECTS.
- B. Nemandi þarf að hafa lokið ML námi í lögfræði/viðskiptalögfræði 120 ECTS.
- C. Samanlagður einingafjöldi lögfræðinámskeiða má ekki vera lægri en 240 ECTS
- D. Nemendur skulu hafa lokið námskeiðum í réttarheimildafræði, lögskýringum, réttarheimspeki, kröfurétti, skaðabótarétti, samningarétti, réttarfari, refsirétti, stjórnskipunarrétti, stjórnsýslurétti, alþjóðalögum og Evrópurétti.

3. október 2025